



Bankaráð Seðlabanka Íslands
b.t. Gylfa Magnússonar, formanns
Kalkofnsvegi 1
101 Reykjavík

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 12. nóvember 2018

Tilv.: FOR18110068/

Efni: Ósk um greinargerð bankaráðs vegna dóms Hæstaréttar í máli Seðlabanka Íslands gegn Samherja hf.

Þann 8. nóvember sl. kvað Hæstiréttur Íslands upp dóm í máli nr. 463/2017, Seðlabanki Íslands gegn Samherja hf. Í dómnum er staðfest niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur um að fella úr gildi ákvörðun, Seðlabanka Íslands frá 1. september 2016 um að Samherji hf. skuli greiða 15 millj. kr. í stjórnvaldssekt til ríkissjóðs vegna brota gegn 12. gr. reglna nr. 880/2009 um gjaldeyrismál og 12. gr. reglna nr. 370/2010 um gjaldeyrismál, sbr. bráðabirgðaákvæði I laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

Hér með óska ég eftir greinargerð bankaráðs um mál Samherja frá þeim tíma sem rannsókn hófst á meintum brotum á reglum um gjaldeyrismál. Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum um það hvað lá að baki ákvörðun Seðlabanka Íslands um að endurupptaka málið sem tilkynnt var Samherja hf. 30 mars 2016. Þá óska ég einnig eftir útlistun á því hvort og þá með hvaða hætti Seðlabanki Íslands hyggist bregðast við dómnum og hvort dómsniðurstaðan kalli á úrbætur á stjórnsýslu bankans og þá hvaða.

Vakin er athygli á því að lög um Seðlabanka Íslands eru nú til heildarendurskoðunar í forsætisráðuneytinu og er stefnt að framlagningu frumvarps til nýrra heildarlaga um Seðlabanka Íslands á vormánuðum.

Óskað er eftir að greinargerðin berist forsætisráðuneytinu eigi síðar en föstudaginn 7. desember nk.

Katrín Jakobsdóttir